

MENNTAMÁLANEFND EFRI DEILDAR  
c/o Þorsteinn Magnússon nefndarritari  
Þórshamri  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. *P 104/1113*  
komudagur *3/11/1990*

Reykjavík 29. nóvember 1990

## Umsögn Heyrnleysingjaskólans við frumvarp til laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Heyrnleysingjaskólinn hvetur mjög til þess að frumvarpið nái fram að ganga sem allra fyrst. Það hefur verið einróma álit Félags heyrnarlausra, kennara við Heyrnleysingjaskólann og Foreldra-og styrktarfélags heyrnardaupra að Samskiptamiðstöð væri brýnasta hagsmunamál heyrnarlausra á Íslandi. Slíkri stöð eru ætluð verkefni sem leggja munu grunninn að virkari þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu, verkefnum sem of lengi hefur verið slegið á frest. Þar vega þyngst frumrannsóknir á íslenska táknmálinu. Þær rannsóknir eru forsenda þess að unnt verði að kenna táknmál og hefja formlegt túlkánám en skortur á þessu tvennu hefur valdið ólýsanlegum erfiðleikum í samskiptum heyrnarlausra og heyrandi. Það er ósk Heyrnleysingjaskólans að Samskiptamiðstöð verði að veruleika sem allra fyrst en skólinn gerir þó þrjár meginathugasemdir við frumvarpið eins og það er lagt fyrir þingið.

### 1. Nafn stöðvarinnar.

Heyrnleysingjaskólinn telur að þessari stofnun sé ekki ætlað að þjóna heyrnarskertum nema að óverulegu leyti, enda segir í markmiðsgrein að löggin eigi að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á *grundvelli táknmáls heyrnarlausra*. Það gæti gefið heyrnarskertum fölsk fyrirheit og því leggur skólinn til að nafn stöðvarinnar verði SAMSKIPTAMIÐSTÖÐ HEYRNARLAUSRA.

### 2. Samstarf við aðrar stofnanir.

Heyrnleysingjaskólinn telur vafamál hvort rétt sé að binda í lög skyldusamstarf við aðrar stofnanir eins og lagt er til í frumvarpinu í 2. grein. Aukinheldur er vandséð í hverju samstarf Samskiptamiðstöðvar, og stofnana eins og Ráðgjafar-og greiningarstöðvar ríkisins, svæðisstjórna um málefni fatlaðra og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, geti falist. Öll þessi upptalning í 2. grein á stofnunum er að mati skólans óþörf og nægilegt að geta þess í lögnum að stofnunin skuli hafa samstarf við aðra opinbera aðila og félög áhugamanna ef talinn er ávinningur af slíku samstarfi fyrir stofnunina.

### 3. Stjórn stöðvarinnar.

Heyrnleysingjaskólinn telur það fráleitt að heyrnarlausir eigi ekki fleiri fulltrúa en einn í stórn stöðvarinnar. Skólinn telur jafnframt, miðað við umfang Samskiptamiðstöðvar, að fækka megi stjórnarmönnum niður í þrjá og helst tryggja heyrnarlausum meirihluta í stjórninni. Að mati skólans eru vandfundin rök sem réttlæta þá tillögu sem fram kemur í frumvarpinu að þrjú ráðuneyti skipi einn stjórnarmann hvort, og vandséð er hvers vegna Foreldra-og styrktarfélag heyrnardaupra á fulltrúa í stjórninni en aðrir stórir hagsmunaaðilar ekki, s.s. Heyrnleysingjaskólinn. Minnt er á að Samskiptamiðstöð er ætlað húsnæði innan veggja skólans.

Tillaga skólans er þessi: Stjórnarmenn verði þrír. Formaður skipaður af menntamálaráðherra. Tveir fulltrúar tilnefndir af Félagi heyrnarlausra.

Skólinn vekur að lokum athygli á því að endurskoðunarákvæði mætti gjarnan lögfesta. Þingið yrði þá að taka löggin til endurskoðunar, t.d. eftir þriggja ára reynslutíma, og meta löggin á nýjanleik í ljósi reynslunnar.

*f.h. Heyrnleysingjaskólans,  
Gunnar Falvasson*